

**Nd. 197. Frumvarp til laga [174. mál]**

um breytingu á lögum nr. 110/1984, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 110/1984 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Hinn 24. júní 1984 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, sérstaklega með skipulag heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu í huga. Var stofnað til þessa nefndarstarfs í samræmi við niðurstöður fundar, sem ráðuneytið hélt með sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu í apríl 1984.

Nefndin skilaði tillögum í búningi lagafrumvarps á s. l. sumri og hafa tillögurnar verið til umfjöllunar í ráðuneytinu á undanförunum mánuðum.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að ekki vinnst tími til þess að leggja endanlegar tillögur fram fyrir áramót hefur orðið að ráði að leggja til eins árs framlengingu á fresti þeim sem lögín áskilja vegna kerfis heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.